

Sp. 115. Tillaga til þingsályktunar [95. mál]
um úrbætur í rafmagnsmálum Kjalarneshrepps og Kjósarhrepps.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Alfreð Gíslason bæjarfógeti.

Alþingi ályktar að fela raforkumálaráðherra að láta fram fara, svo fljótt sem auðið er, úrbætur á rafmagnsveitum Kjalarneshrepps og Kjósarhrepps til þess að leysa úr þeim vandræðum, sem nú eru á flutningi rafmagns til þessara byggðarlaga.

Greinargerð.

Um alllangt skeið hafa átt sér stað mjög miklar rafmagnstruflanir í Kjalarneshreppi og Kjósarhreppi, sem valdið hafa miklum erfiðleikum og tjóni. Truflanir þessar munu stafa af því, að saman hafa verið tengdar rafmagnsveitur þessara tveggja hreppa. Rafmagnslína sú, sem flytur rafmagn eftir Kjalarnesi og er eign Reykjavíkurborgar, er ófullnægjandi til þess að flytja einnig rafmagn til byggðanna í Kjósinni. Við lagningu línunnar var að sjálfsgöðu ekki gert ráð fyrir því mikla álagi, sem nú er orðið vegna tengingar rafmagnsveitunnar í Kjósarhreppi svo og vaxandi notkunar rafknúinna tækja við heimilis- og landbúnaðarstörf.

Með flutningi þessarar tillögu og væntanlegri samþykkt hennar er þess freistað að koma í veg fyrir frekari vandræði en orðið er í rafmagnsmálum þessara tveggja hreppa.